

## **Verklag við könnun máls á grundvelli 35. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002**

*„Ef barnaverndarnefnd fær ábendingu um að atferli manns, sem starfa sinna vegna hefur samskipti við börn, sé stórlega ábótavant skal nefndin ef hún telur tilefni til hefja könnun málsins í samræmi við ákvæði 21. gr. bvl. um málsmeðferð vegna tilkynninga. Ákvörðun um könnun skal tilkynna viðkomandi starfsmanni og vinnuveitanda hans ef við á. Nefndin skal tilkynna um niðurstöðu könnunar til starfsmanns og vinnuveitanda hans og setja fram tillögur til úrbóta.“*

### **1. Móttaka ábendinga á grundvelli 35. gr.**

Barnaverndarnefnd tekur við ábendingu um að atferli manns, sem starfa sinna vegna hefur samskipti við börn, sé stórlega ábótavant, sbr. 35. gr. bvl. Starfsmenn nefnda starfa samkvæmt umboði nefndar í samræmi við reglur um verkaskiptingu starfsmanna og nefndar samkvæmt 3. mgr. 14. gr. bvl. og 4. gr. reglugerðar nr. 56/2004.

Ákvæði IV. kafla barnaverndarlaga um meðferð tilkynninga gilda um ábendingar sem berast á grundvelli 35. gr. bvl. Sé óskað nafnleyndar sbr. 2. mgr. 19. gr. bvl. þarf starfsfólk barnaverndarnefndar engu að síður að taka niður upplýsingar um þann sem kemur ábendingunni á framfæri, enda þarf alltaf að vera skráð hjá barnaverndarnefnd hver tilkynnandi er, sbr. 1. mgr. 19. gr. bvl. Sama á við í þeim tilvikum þegar stofnun sem viðkomandi einstaklingur starfar eða hefur starfað hjá kemur ábendingunni á framfæri eftir að hafa fengið hana frá ónafngreindum þriðja aðila. Ef sú stofnun sem kemur upplýsingum á framfæri til barnaverndarnefndar, getur ekki gefið upplýsingar um hver veitti henni upplýsingarnar eða neitar að koma þeim á framfæri við barnaverndarnefnd getur nefndin ekki tekið málið til könnunar.

Þegar tekið er á móti ábendingum skv. 35. gr. bvl. skal gæta þess að skrá niður allar upplýsingar eins ítarlega og frekast er kostur. Skráningin þarf m.a. að taka til þess/þeirra sem tilkynningin beinist að, þeirrar háttsemi sem ábendingin fjallar um, tímasetningu, hverjir kunni að hafa orðið vitni að háttseminni o.s.frv. Hafi tilkynnandi undir höndum gögn sem gætu skipt máli við vinnslu málsins skal óskað þess að fá þau afhent eða afrit af þeim.

Mikilvægt er að hafa í huga að könnun barnaverndarnefndar skv. 35. gr. getur aldrei komið í stað aðkomu og/eða rannsóknar hlutaðeigandi vinnuveitanda, hvort sem um er að ræða opinberan aðila eða einkaaðila. Komi ábending frá vinnuveitanda skal leiðbeina honum strax í upphafi um sjálfstæðar skyldur vinnuveitanda í þessum efnum, s.s. varðandi það hvort vinnuveitandi þarf að leysa starfsmann tímabundið undan starfsskyldum sínum á meðan málið er í könnun hjá barnaverndarnefnd og í rannsókn hjá vinnuveitanda. Slíka ákvörðun þarf vinnuveitandi ávallt að taka sjálfstætt. Barnaverndarnefnd skal ekki hefja könnun ef vinnuveitandi hefur gripið til viðeigandi og nægjanlegra ráðstafana.

Komi ábending frá öðrum aðila en vinnuveitanda og ábending gefur að öðru leyti tilefni til könnunar, er nauðsynlegt að opna mál og kanna hvort vinnuveitandi hafi gripið til ráðstafana vegna þeirrar háttsemi sem ábendingin fjallar um og ef svo er í hverju þær voru fólgnar, sjá nánar í þriðja kafla um könnun.

Ef í ábendingu kemur fram að þörf kunni að vera á stuðningi við tiltekið barn/börn skal barnaverndarnefnd meta hvort þörf sé á að kanna mál þeirra skv. 21. gr. bvl. Verði sú niðurstaða skal stofna sérstakt mál um hvert barn sem nefndin kannar sem þá er unnið óháð málsmeðferð vegna ábendingar skv. 35. gr. og samkvæmt þeim almennu málsmeðferðarreglum sem um það gilda.

Ef barnaverndarnefnd telur ekki ástæðu til að kanna mál skv. 35. gr. bvl. er nauðsynlegt að í málinu sé skráður rökstuðningur fyrir þeirri ákvörðun.

## 2. Skilyrði fyrir könnun máls – hvenær er tilefni til að hefja könnun skv. 35. gr.?

Skilyrði fyrir könnun skv. 35. gr. er að grunur leiki á um að atferli manns sem vegna starfa sinna hefur samskipti við börn sé stórlega ábótavant.

Í fyrsta lagi þarf því að liggja fyrir að viðkomandi hafi samskipti við börn vegna starfa sinna. Fyrst og fremst er um að ræða starfsmenn leikskóla, skóla, sumarbúða fyrir börn, tómstundamiðstöðva fyrir börn og þess konar staða þar sem börn koma saman eða dveljast um lengri eða skemmri tíma. Hins vegar þarf ekki að vera um launað starf að ræða og geta ýmis sjálfboðaliðastörf, s.s. á vegum æskulýðssamtaka eða trúarstofnana fallið hér undir.

Í öðru lagi verður að liggja fyrir rökstuddur grunur um að háttsemi viðkomandi sé stórlega ábótavant. Hér undir geta t.d. fallið ruddaleg, óviðurkvæmileg eða óviðeigandi hegðun, ofbeldisfull eða ógnandi framkoma eða einelti gagnvart barni.<sup>1</sup>

Í þriðja lagi verður að liggja fyrir rökstuddur grunur um háttsemi viðkomandi og ber barnaverndarnefnd í þessu sambandi að nota sömu viðmið og þegar almennt er metið hvort hefja eigi könnun í máli tiltekins barns.

Í fjórða lagi er í ákvæðinu rakið að barnaverndarnefnd skuli meta hvort tilefni sé til þess að taka málið til könnunar. Þrátt fyrir að önnur skilyrði séu uppfyllt getur nefnd tekið ákvörðun um að ekki sé tilefni til að hefja könnun á grundvelli 35. gr., t.d. ef fyrir liggur að málið hefur verið kært til lögreglu og/eða vinnuveitandi mannsins hefur gripið til viðeigandi ráðstafana. Hér skal ítrekað að barnaverndarnefnd á ekki að hefja könnun ef mál hefur verið kært til lögreglu nema talið sé að vinnuveitandi sé ekki meðvitaður um að starfsmaður hans hafi verið kærður til lögreglu og brotið tengist starfi viðkomandi. Þá væri hægt að hefja könnun með það fyrir augum að geta í kjölfarið upplýst vinnuveitandann um könnunina og/eða niðurstöður hennar.

Í þessu sambandi þarf að hafa í huga að tilefni getur verið til að taka mál til könnunar í þeim tilvikum þar sem grunur leikur á um að starfsmaður hafi brotið gegn barni eða sýnt af sér refsiverða háttsemi, s.s. með vörslu barnakláms, þrátt fyrir að brotið hafi ekki átt sér stað í tengslum við starf viðkomandi. Í þeim tilvikum er rétt að kanna málið með því að afla upplýsinga frá lögreglu áður en vinnuveitanda er gert viðvart, sjá nánar í kafla 3.

Gamlar kærur sem felldar hafa verið niður eða ábendingar um háttsemi sem átti sér stað fyrir löngu og ekki var kærð til lögreglu gefa almennt ekki tilefni til þess að taka mál til skoðunar á grundvelli 35. gr. nema frekari upplýsingar liggi fyrir, svo sem viðurkenning mannsins sjálfs.

Ef í ábendingu koma fram upplýsingar um alvarleg refsiverð brot gagnvart börnum er rétt að óska tafarlaust rannsóknar lögreglu, sbr. kafli 3.

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um að hefja könnun skv. 35. gr. bvl. ber barnaverndarnefnd að tilkynna viðkomandi starfsmanni og vinnuveitanda hans ef við á um þá ákvörðun. Tilkynning til vinnuveitanda kemur einna helst til álita í þeim tilvikum þar sem ætla má að vinnuveitanda sé ekki kunnugt um að málið sé til skoðunar hjá barnaverndarnefnd og eðli máls er með þeim hætti að vinnuveitandi þurfi hugsanlega að taka ákvarðanir í tengslum við vinnuframlag viðkomandi, m.a. á meðan málið er í könnun. Eingöngu er rétt að tilkynna vinnuveitanda um málið áður en könnun er lokið ef grunur leikur á um að maður hafi gerst sekur um refsiverða háttsemi gagnvart barni og barnaverndarnefnd telur með

---

<sup>1</sup> Einelti er endurtekin ótilhlýðileg og ámælisverð háttsemi, þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að.

hliðsjón af upplýsingum og gögnum sem liggja í málinu að rökstuddur grunur sé um að háttsemi hafi átt sér stað.

Ef ætla má að tilkynning til viðkomandi geti skaðað ríka rannsóknarhagsmunum í máli er heimilt að fresta tilkynningunni, sbr. lögjöfnun<sup>2</sup> frá 3. mgr. 21. gr. barnaverndarlaga. Slíka ákvörðun þarf að skrá í málið ásamt upplýsingum um ástæður hennar. Einnig er mikilvægt vegna rannsóknarhagsmuna að hafa alltaf samráð við lögreglu áður en háttsemi, sem lögregla hefur til rannsóknar, er tilkynnt til vinnuveitanda eða aðilans sjálfs. Ef lögregla leggst gegn tilkynningu vegna rannsóknarhagsmuna þarf að skrá það í málið.

Ef ekki er talin ástæða til að kanna mál skv 35. gr. bvl. er nauðsynlegt að í málinu sé skráður rökstuðningur fyrir þeirri ákvörðun.

### **3. Að hverju lýtur könnun barnaverndarnefndar skv. 35. gr. bvl.?**

Þegar fyrir liggur ákvörðun um að hefja könnun verður að hafa hugfast að barnaverndarlög leggja áherslu á að sýna þurfi þeim er málið varðar fyllstu nærgætni og að könnun má ekki vera umfangsmeiri en nauðsyn krefur og ekki skal afla annarra persónulegra upplýsinga en þeirra sem nauðsynlegar eru til að upplýsa málið.

Ef grunur leikur á að alvarlegt refsivert brot hafi verið framið gagnvart barni/börnum (t.d. kynferðisbrot, eða annað ofbeldisbrot), skal barnaverndarnefnd að jafnaði óska eftir lögreglurannsókn, sbr. 20. gr. rg. um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd nr. 56/2004. Mikilvægt er að taka afstöðu til þess eins fljótt og mögulegt er hvort ástæða er til þess að óska rannsóknar lögreglu svo ekki sé hætt á að rannsókn málsins skaðist við könnun málsins hjá barnaverndarnefnd. Bent er á að þó að upplýsingar í upphafi gefi ekki tilefni til þess að óska eftir lögreglurannsókn getur barnaverndarnefnd þurft að endurskoða slíka ákvörðun eftir að könnun hefst, ef upplýsingar sem aflað er gefa tilefni til slíks.

Við könnun máls skal ávalt koma fram við alla aðila málsins af virðingu og jafnframt að hafa í huga að könnunin snýst um að fá vitneskju um hvort framkoma aðila sé til þess fallin að valda börnum skaða. Gæta skal að því að afla nægilegra upplýsinga til að varpa ljósi á málið en að sama skapi skal forðast að afla upplýsinga sem hafa ekki þýðingu við matið.

Þegar matið er með hvaða hætti kanna á mál skv. 35. gr. þarf ætíð að hafa í huga hvert er markmið og tilgangur könnunarinnar, þ.e. að komast það því **hvort** háttsemi viðkomandi hafi verið stórlega ábótavant eða ekki. Þannig þarf að vera ljóst að þau gögn og upplýsingar sem aflað er séu þess eðlis að líklegt sé að þær geti svarað þessu. Ef það er ólíklegt á barnaverndarnefnd ekki að afla þeirra. Það sama á við ef ólíklegt er að gögn eða upplýsingar geti rennt stoðum undir tillögur um aðgerðir til úrbóta, þá skal barnaverndarnefnd ekki afla þeirra.

Ef ákvörðun hefur verið tekin um að kanna mál á grundvelli 35. gr. ber barnaverndarnefnd að kanna málið sjálfstætt, óháð því hvort málið hefur verið kært til lögreglu. Barnaverndarnefnd aflar sjálf gagna við rannsókn málsins og getur lokið því þegar hún telur það upplýst hvort háttsemi viðkomandi gagnvart barni hafi verið stórlega ábótavant. Þarf barnaverndarnefnd ekki að bíða eftir rannsókn lögreglu í þeim efnum. Ef málið er til athugunar hjá bæði barnaverndarnefnd og lögreglu er hins vegar mikilvægt að

---

<sup>2</sup> Lögjöfnun er fólgin í því að beita settri lagareglu um ólögákveðið tilfelli sem samsvarar efnislega til þess sem rúmast innan lagareglunnar. Með lögjöfnun er lagaregla í reynd látin ná yfir tilvik sem strangt til tekið á ekki undir hana.

ræða við lögreglu við gagnaöflun/upplýsingaöflun til þess að rannsóknarhagsmunir refsímálsins skaðist ekki.

Þegar ábending varðandi hugsanlega refsiverða háttsemi berst frá öðrum en lögreglu þá er almennt rétt að einskorða könnun við það hvort viðkomandi hefur játað brot hjá lögreglu auk könnunar á gögnum sem barnaverndarnefnd hefur þegar undir höndum, s.s. vegna máls barnsins. Í þessu sambandi þarf að hafa í huga að ef einstaklingur hefur játað refsiverða háttsemi gagnvart barni hjá lögreglu þá er almennt rétt að láta vinnuveitanda vita af því án tafar. Í þessu sambandi þarf barnaverndarnefnd að hafa í huga að ríkinu er skylt að segja upp starfsmanni sem játað hefur refsiverða háttsemi sem leiðir til réttindamissis, sbr. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Þegar vinnuveitandi er sveitarfélag þarf barnaverndarnefnd að kanna, áður en haft er samband við vinnuveitanda, hvaða reglur gilda í þessum efnum hjá sveitarfélaginu.

Mikilvægt er að bóka ákvarðanir sem barnaverndarnefnd eða starfsfólk barnaverndarnefndar tekur um að óska rannsóknar lögreglu og ástæður að baki þess. Að öðru leyti er vísað til umfjöllunar um lögreglurannsókn í 11.4 kafla Handbókar fyrir barnaverndarnefndir.

#### **4. Niðurstaða könnunar barnaverndarnefndar.**

Þegar mál hefur verið nægjanlega kannað að mati barnaverndarnefndar skal nefndin taka saman skriflega greinargerð sem kynnt skal aðila máls og vinnuveitanda hans. Í greinargerð þarf m.a. að koma fram hvernig málið var kannað og hver niðurstaðan er, þ.e. hvort það sé afstaða barnaverndarnefndar að háttsemi viðkomandi hafi verið stórlega ábótavant og ef svo er þá að hvaða leyti. Barnaverndarnefnd skal setja fram tillögur til úrbóta ef nefndin telur það eiga við í viðkomandi máli.

Vakin er athygli á því að barnaverndarnefndum er ekki heimilt að grípa til sértækra úrræða eða þvingunarráðstafana í kjölfar könnunar skv. 35. gr. bvl. Heimildin nær eingöngu til þess að kanna málið og til þess að tilkynna um niðurstöður könnunar til viðkomandi aðila og vinnuveitanda hans.

Það er ekki hlutverk barnaverndarnefndar að gera tillögu að sértækum úrræðum eða þvingunarráðstöfunum heldur er það vinnuveitanda starfsmannsins að taka frekari ákvarðanir eftir því sem hann telur niðurstöður könnunar barnaverndarnefndar gefa tilefni til, svo sem um áminningu, tilflutning í starfi eða eftir atvikum brottrekstur ef ávirðingar eru taldar nægilega miklar. Minnt er á að vinnuveitandi getur á hvaða stigum málsins tekið slíkar ákvarðanir og ber að rannsaka málið sjálfstætt og óháð athugun barnaverndarnefndar. Geta niðurstöður barnaverndarnefndar t.d. lotið að því að vinnuveitandi hafi, á fyrri stigum tekið réttar ákvarðanir, t.d. varðandi að setja mann í tímabundið leyfi á meðan málið var til rannsóknar. Einnig geta tillögur lotið að því að veita þurfi tilteknum hópi barna stuðning, sem t.a.m. varð vitni að háttsemi mannsins án þess að teljast þolendur. Er það þá almennt vinnuveitanda, s.s. skólans, að veita þann stuðning.

Ef niðurstaða könnunar leiðir í ljós að ætla má að framkoma manns í garð barns sé slík að varðað geti refsingu samkvæmt ákvæðum hegningarlaga eða annarra laga getur barnaverndarnefnd komið niðurstöðum könnunar til lögreglu og óskað lögreglurannsóknar. Til álita getur komið að beita þessu ákvæði þó ekki liggja fyrir hvort eða hvaða einstök börn hafi orðið fyrir tjóni. Rétt er að leggja áherslu á að barnaverndarnefndir geta enn fremur þurft að beita þessu ákvæði jafnhliða vinnslu barnaverndarmáls um mál tiltekins barns skv. 21. gr. bvl. þegar það á við.